

## Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Björgvins G. Sigurðssonar um heimildir til símhlerunar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hve oft hefur verið veitt heimild til símhlerunar við héraðsdómstóla sl. 10 ár, sundurliðað eftir árum og dómstólum?
2. Liggja fyrir í dómsmálaráðuneytinu upplýsingar um notkun veittra heimilda til símhlerunar? Ef svo er, símtöl hve margra einstaklinga voru hleruð á umræddu tímabili?
3. Hverjar eru uppgæfnar ástæður fyrir hlerunarheimildunum, sundurliðað eftir veittum heimildum?

Upplýsingar um fjölda heilmilda til símhlerunar sl. 10 ár koma fram í töflunni hér á eftir.

### Úrskurðir héraðsdómstóla um símhleranir.

	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	Alls
Reykjavík	-	-	-	-	98	96	75	57	132	125	583
Aðrir dómstólar	0	0	3	10	19	24	24	39	45	32	196
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>3</b>	<b>10</b>	<b>117</b>	<b>120</b>	<b>99</b>	<b>96</b>	<b>177</b>	<b>157</b>	<b>779</b>

Þar sem skráning hófst ekki með skipulegum hætti hjá Héraðsdómi Reykjavíkur fyrr en árið 2000 liggja ekki fyrir tölur um fjölda úrskurða fyrri ára. Tölur frá öðrum héraðsdómstólum en Héraðsdómi Reykjavíkur eru ekki sundurliðaðar sérstaklega með hliðsjón af almannahagsmunum.

Ráðuneytið heldur ekki skrá yfir fjölda hleraðra símtala og raunar er ekki unnt að draga neina ályktun af fjölda hleraðra símtala um það hve margir einstaklingar eiga þar hlut að máli, þar sem sami einstaklingur getur oft komið við sögu. Ráðuneytið leitaði til einstakra lögregluembætta og dró saman eftirfarandi upplýsingar: Frá árinu 2000, þegar skráning upplýsinga af þessu tagi hófst hjá lögreglunni í Reykjavík, og til ársloka 2005 hafa 230 einstaklingar verið hleraðir, með fyrrgreindum fyrirvara, og frá 1996 til ársloka 2005 samtals 120 á landsbyggðinni.

Ekki reyndist unnt að sundurgreina ástæður sem lágu að baki þeim 583 heimildum sem veittar voru til símhlerunar í Héraðsdómi Reykjavíkur. Til þess að það hefði verið mögulegt hefði þurft að lesa hvern einasta úrskurð. Hins vegar fengust þær upplýsingar frá dómnum að í yfirgnæfandi fjölda tilfella væri um að ræða grun um sölu eða dreifingu fíkniefna.

Hins vegar reyndist auðveldara að fá umbeðnar upplýsingar hjá embættunum úti á landi þar sem um mun færri úrskurði var að ræða. Í þeim 196 úrskurðum þar sem heimild var veitt til hlerunar voru ástæðurnar þær sem fram koma í eftirfarandi töflu.

**Ástæður símhlerana á landsbyggðinni.**

	<b>Fjöldi úrskurða*</b>
Grunur um sölu eða dreifingu fíkniefna	173
Rannsókn vegna ætlaðs símaónæðis	3
Rannsókn vegna ætlaðra kynferðisbrota	4
Rannsókn vegna ætlaðrar tilraunar til fjárvika	4
Rannsókn vegna innbrots eða skemmdaverka	4
Rannsókn vegna ætlaðrar íkveikju	3
Rannsókn vegna vopnalagabrots og þjófnaðar	1
Líflátshótun	1
Smygl	2
Brot í trúnaðarstörfum	1

\* Ath. Hér er átt við fjölda uppkveðinna úrskurða en ekki fjölda einstaklinga. Í mörgum tilvikum var um að ræða framlengingu á fyrirbyggjandi heimild til hlerunar þannig að úrskurðirnir eru fleiri en einstaklingarnir sem voru hleraðir.